

Aðalfundur foreldrafélagsins 30.september 2019

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Farið yfir ársskýrslu - Leikhúsfærðir - félagsgjöld - styrkur frá Suðurnesjabæ uppá 200.000- Viðburður með Krafti - Piparkökuskreytingar - Þorgrímur Þráinsson með fyrirlestur fyrir nemendur og foreldra – Bjarni Fritsson með fyrirlestur fyrir 7,-10.bekk og foreldra þeirra

Farið yfir ársreikning - Tekjur, gjöld, eignir og skuldir.

Kosning stjórnar - Jón Ragnar áfram formaður - Erla kosin ritari -

Bogga kosin áfram sem gjaldkeri - óskað eftir meðstjórnendum en engin viðstaddur bauð sig fram

Verkefni vetrar rædd - leikhúsfærðir - fyrirlestrar - óskað eftir hugmyndum frá viðstöddum.

Kom hugmynd um laufabrauðsgerð - forvarnir frá Krissa löggú - fyrirlestur frá Sniglunum á döfinni á vegum skólans varðandi vespunotkun –

Sigga Dögg nefnd varðandi kynfræðslu - Hafþór á vegum Heimilis- og skóla varðandi klám á netinu

Önnur mál

Fundi slitið 18:35

### **Ársskýrsla foreldrafélags Gerðaskóla 2018-19**

Ný stjórn tók við á haustmánuðum 2018

Í kjölfar aðalfundar. Ákveðið að halda stjórnarfundi mánaðarlega að jafnaði. Fljótlega kom upp vilji innan stjórnar að setja á laggirnar árlega leikhúsfærð hjá tveimur árgöngum 4. og 9. bekk sem yrði að stærstum hluta fjármögnuð af foreldrafélaginu. Því var ákveðið að byrja að senda út í heimabanka á öll heimili nemenda Gerðaskóla greiðsluseðil sem væri valgreiðsla að upphæð 2500 kr. Einnig sótti félagið um styrk frá sveitarfélaginu að upphæð 200.000.-

kr. sem var samþykktur. Það gekk ótrúlega vel að innheimta félagsgjöldin og hafa 123 aðilar greitt félagsgjöldin.

Helstu viðburðir ársins hafa verið þessar leikhúsfærðir tvær sem farnar voru á vormánuðum. Farið var á

“Fyrsta skiptið” í Gaflaraleikhúsinu með 9 og 10 bekk svo að 10 bekkur myndi ekki alfarið missa af leikhúsfærðum þar sem þau eru á lokaári. 4. bekkur fór á “Þitt eigið ævintýri”. Félagið stóð fyrir viðburði með Krafti þar sem að búin voru til armbönd til styrktar Krafti. Piparkökuskreytingar voru í desember, sem h eppnaðist ágætlega og var fín mæting. Þorgrímur Þráinsson var fenginn í samstarfi með skólanum og Sandgerðisskóla og hélt hann fyrirlestur fyrir eldri nemendur. Bjarni Fritsson kom í skólann til okkar og var með sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 5-10 bekk.

Stjórn félagsins er sátt við sitt fyrsta starfsár. Með nýjum fjármögnunarleiðum hefur skapast svigrúm til að efla starf félagsins, nemendum til heilla.

Stefnan er því að halda áfram á svipuðum nótum og settar voru á liðnu ári og bæta enn í.

Allar hugmyndir um viðburði og aukin umsvif eru vel þeginn frá foreldrum.

F.h. stjórnar foreldrafélags Gerðaskóla

Jón Ragnar Ástþórsson

Formaður

## Ársreikningur Foreldrafélags Gerðaskóla

### Tekjur:

Árgjöld	307,500
Styrkir	0
Leikhús - Miðasala 4. bekkur	23,000
Leikhús - Miðasala 9-10. bekkur	25,800
Aðrar tekjur	10,000
Innvextir	253
Tekjur samtals	366,553

### Gjöld:

Piparkökuskreytingar	23,367
Leikhús - 4. bekkur	132,800
Leikhús - 9-10. bekkur	125,000
Fjármagnsgjöld	356
Námskeið og fyrirlestrar	117,500
Innheimtugjöld	14905
Gjöld samtals	413,928

### Eignir:

Fært frá síðasta tímabili	185,880
Tekjur umfram gjöld 2018-19	-47,375
Útistandandi styrkur frá sveitarfélagi	200000
Núverandi eign:	338,505

### Skuldir:

Útistandandi skuldir	0
	0

